



16. desember 2022

Til: Borgarráðs – borgarradsgogn@reykjavik.is

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlunnindabifreiðar og launakjör framkvæmdastjóra SORPU - MSS22110213

Á fundi borgarráðs, dags. 24. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlunnindabifreiðar og launakjör framkvæmdastjóra SORPU.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Fram kemur undir lið 3 og 4 í fundargerð SORPU frá 21. október að staða “hlunnindabifreiða” er kynnt og á dagskrá er einnig launakjör framkvæmdastjóra sem er haldið leyndum. Fyrirspurn frá Flokki fólksins vegna hlunnindabifreiða. Hvað er átt við með hlunnindabifreiðum? Hvertjir fá aðgang að slíkum bifreiðum? Eru umtalsverð hlunnindi í gangi í SORPU og fyrir þá hverja? Fyrirspurn um launakjör framkvæmdastjóra: Af hverju eru launakjör framkvæmdastjóra trúnaðarmál? Flokkur fólks vill fá upplýsingar um hver launakjör framkvæmdastjóra eru?“

Fyrirspurnin barst SORPU þann 25. nóvember sl. með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

1. Hvað er átt við með hlunnindabifreiðum?

Á vef Skattsins eru bifreiðahlunnindi skýrð með eftirfarandi hætti:

„Umrád launamanns yfir bifreið launagreiðanda skal færa til tekna samkvæmt matsreglum sem birtar eru árlega í skattmati. Sömu reglur gildi hvort heldur bifreið er í eigu launagreiðandans eða hann hefur hana á leigu eða til láns. Matsreglurnar gilda um fólksbifreiðar, þ.m.t. skutbifreiðar, jeppabifreiðar, og aðrar bifreiðar sem hægt er að hafa sambærileg not af.

Ákvörðun bifreiðahlunninda á árinu 2021 byggist almennt á eftirfarandi reglum:

1. Ákvarða þarf grunnverð sem útreikningurinn miðast við að teknu tilliti til heimillar niðurfærslu milli ára og reikna skattskyld hlunnindi samkvæmt því. Þetta grunnverð er ekki framreiknað á milli ára en heimilt er að færa það niður um 10% á ári í fyrsta skipti á árinu eftir kaupárið, að hámarki 50%. Athugið að niðurfærslan reiknast alltaf af því verði sem útreikningur byggðist á árið áður, sbr. dæmi sem birt eru í skattmati.



2. Ef launagreiðandi keypti bifreiðina á árinu 2014 eða síðar er grunnverðið ákvarðað jafnt og kaupverðið var, hvort sem bifreiðin var keypt notuð eða ný. Þetta er sama verð og fært var í eignaskrá með skattframtali launagreiðanda á kaupári bifreiðarinnar.

3. Ef launagreiðandi keypti bifreiðina á árinu 2013 eða fyrr er grunnverðið fundið með því að fara í Bifreiðaskrá þess árs sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun. Ef bifreið var t.d. tekin í notkun á árinu 2008 á að fara í Bifreiðaskrá 2008 jafnvel þótt launagreiðandi hafi ekki keypt hana fyrr en 2010.

4. Ef bifreið er ekki í eigu launagreiðanda heldur t.d. tekin á leigu er almenna reglan sú að grunnverð skal miða við verðlistaverð þegar bifreiðin er tekin á leigu/notkun hjá launagreiðandanum, en heimilt er að miða við það verð sem leigusali byggir á við ákvörðun á leigufjárhæð. Síðan gildir sama regla um niðurfærslu á grunnverðinu eins og þegar um er að ræða eigin bifreið launagreiðanda, sbr. lið eitt að framan. Ef tekin er á leigu eldri bifreið má fara í Bifreiðaskrá þegar hún var fyrst tekin í notkun og finna grunnverðið þar og síðan er sama regla og alltaf um niðurfærslu milli ára.

Ef launamaður greiðir launagreiðanda sínum sannanlega fyrir afnot bifreiðarinnar koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatinu. Umráð bifreiðar geta annað hvort verið full og ótakmörkuð eða takmörkuð og miðast hlunnindatekjurnar við það.“

2. Hverjir fá aðgang að slíkum bifreiðum?

Fyrst og fremst er um að ræða bifreiðar til handa þeim starfsmönnum sem þurfa að keyra mikið vegna starfa sinna.

Í notkun eru sjö bifreiðar sem teljast til hlunnindabifreiða. Þrjár bifreiðar eru skráðar á starfsmenn endurvinnslustöðva sem eiga það sammerkt að aka mikið vegna starfa sinna og þurfa oft á tíðum að mæta beint á endurvinnslustöðvar og sinna akstri vegna atvika sem verða á stöðvunum utan skilgreinds vinnutíma. Tvær bifreiðar er skráðar á móttöku- og flokkunarstöð vegna tveggja starfsmanna sem þurfa að sinna akstri utan vinnutíma. Ein bifreið er skráð sem hlunnindabifreið á rekstrarstjóra Góða hirðisins og ein bifreið er skráð á rekstrarstjóra urðunarstaðar og gashreinsistöðvar. Kemur það fyrst og fremst til vegna eðli starfseminnar og bakvakta.

Einnig liggur fyrir ákvörðun stjórnar um að framkvæmdastjóri fái afnot af bifreið en framkvæmdastjóri er ekki búinn að fá bifreið til afnota enn. Sjá nánar svar við spurningu 4.

3. Eru umtalsverð hlunnindi í gangi í SORPU og fyrir þá hverja?

Um er að ræða metan fólksbifreiðar af árgerðum 2012 til 2020. Ekki er talið að um umtalsverð hlunnindi sé að ræða.

4. Af hverju eru launakjör framkvæmdastjóra trúnaðarmál?

Launakjör framkvæmdastjóra eru ekki leynileg. Bókunin var þó leynileg þar til að búið væri að ganga frá ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra. 4. liður í fundargerð 473. fundar stjórnar SORPU að trúnaði afléttum er því svohljóðandi:

„4. Launakjör framkvæmdastjóra

Stjórn SORPU bókar í eftirfarandi í trúnaðarbók:



„Laun framkvæmdastjóra skulu vera kr. 1.950.000,- á mánuði frá og með 1. maí 2022 að telja. Jafnframt skal framkvæmdastjóra lagður til hæfilegur bill sem gagnast honum við framkvæmd starfa á starfssvæði SORPU bs. til fullra afnota. Launin skulu sem fyrr taka breytingum í samræmi við kjarasamninga Verkfræðingafélags Íslands við Reykjavíkurborg.““

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.